

Þinggerð 62. ársþings Glímusambands Íslands

Haldið í Íþróttamiðstöðinni Reykjavík 6. júní 2026.

1. Þingsetning

Rögnvaldur Ólafsson, formaður GLÍ, setti þingið kl. 14.00 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Á þinginu voru 26 einstaklingar, þar af 19 með atkvæðisrétt. Hinir sjö voru: Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson, þingforseti, Guðmundur Stefán Gunnarsson, fyrrverandi formaður GLÍ, Ingibergur Sigurðsson, fyrrum glímukóngur og þrír varamenn ÍBR.

2. Kosning starfsmanna þingsins

Rögnvaldur lagði til að Hafsteinn Pálsson yrði þingforseti og var það samþykkt. Tók þá Hafsteinn við stjórn þingsins. Rögnvaldur lagði til að Jón M. Ívarsson yrði þingritari og var það samþykkt og tók hann þegar til starfa.

3. Kosning nefnda

Fyrst var kjörin kjörbréfanefnd. Tilnefnd voru Ólafur Elí Magnússon, Kristín Embla Guðjónsdóttir og Ásgeir Vígundsson og voru þau samþykkt.

Í Fjárhagsnefnd voru kosin Atli Már Sigmarsson, Eva Dögg Jóhannsdóttir og Stefán Geirsson. Í Laganefnd voru kosnir Kjartan Lárusson, Jóhann Pálmason og Þórður Vilberg.

Ólafur Oddur Sigurðsson var tilnefndur í Allsherjarnefnd en hann gaf ekki kost á sér. Kosnir voru Helgi Bjarnason, Guðjón Magnússon og Sigurður Emilsson.

4. Skýrsla formanns

Rögnvaldur Ólafsson hóf mál sitt með því að nefna að mikil óreiða hefði verið á stjórn Glímusambandsins síðasta árið því þrjár stjórnir hefðu setið að völdum. Fyrst hin kosna stjórn á Glímuþingi um vorið, síðan bráðabirgðastjórn yfir sumarið og síðast núverandi stjórn sem kosin var á framhaldsþingi um haustið. Síðan las Rögnvaldur skýrslu formanns sem var prentuð í ársskýrslunni sem lá frammi á þinginu.

Áhersla hefði verið lögð á að fjölga iðkendum, stjórnarmenn hefðu gengið í störfín en ekki tekið laun fyrir því nú væri enginn launaður framkvæmdastjóri að störfum til að spara fjármuni. Einnig hefði mikill tími farið í að reyna að ná uppgjöri við fyrrum framkvæmdastjóra en það hefði því miður ekki tekist. Samstarf stjórnar hefði verið með ágætum en alltof mikill tími hefði farið í að taka til og koma málum í lag. Að lokum þakkaði hann öllu glímufólki fyrir samstarfið og ÍSÍ fyrir stuðning og aðstoð við hin ýmsu mál.

5. Reikningar lagðir fram

Sigmundur Stefánsson sagðist hafa talið að hann væri löngu kominn í frí frá glímumálum þegar hann hætti sem gjaldkeri fyrir mörgum árum en hefði nú viljað leggja hönd að verki til að greiða úr þeim ógöngum sem fjármál Glímusambandsins voru komin í. Hann las síðan upp reikninga sambandsins. Mikil vinna hefði verið sett í að innheimta útistandandi skuldir vegna utanferða allt frá 2024 og hefðu náðst þar inn fimm milljónir en ekki hefði verið gengið hart að skuldurum. Þetta hefði þó gengið því betur sem á leið og var hagnaður ársins 6 milljónir vegna mikillar sjálfboðavinnu stjórnarmanna og og minni kostnaðar vegna erlendra samskipta. Með þessum viðsnúningi á vinnubrögðum hefði það náðst að sambandið ætti átta milljónir króna í banka.

Það hefði verið meiriháttar mál að ná uppgjöri við fyrrverandi gjaldkera og framkvæmdastjóra sem voru sami aðilinn. Hann taldi líklegt að þar gæti orðið ágreiningur á næstunni en vonaðist til að hægt væri að ná samningum svo ekki kæmi til leiðinlegra

málaferla. Sigmundur upplýsti að lokum að skoðunarmenn leggðu til að reikningarnir yrðu samþykktir.

6. Álit Kjörbréfanefndar

Kristín Embla Guðjónsdóttir las upp álit Kjörbréfanefndar. Fjögur kjörbréf höfðu borist með samtals 19 fulltrúum og voru þau eftirfarandi:

HSK átti rétt á að senda **9** fulltrúa á þingið og **8** voru mættir.

Aðalmenn:	Varamenn:
1. Stefán Geirsson	Ingvar Máni Bjarnason
2. Ólafur Elí Magnússon	Engilbert Olgeirsson
3. Kristinn Guðnason	Lúkas Týr Sigurðsson
4. Sigurður Emilsson	Björgvin Guðni Sigurðsson
5. Kjartan Lárusson	Ólafur Oddur Sigurðsson
6. Jón M. Ívarsson	
7. Sigmundur Stefánsson	
8. Runólfur Þórhallsson	
9. Lambi Haraldsson	

Kristinn Guðnason var ekki mættur og tók Ólafur Oddur Sigurðsson sæti hans.

ÍBR átti rétt á að senda **3** fulltrúa á þingið, **3** voru mættir og **3** varamenn.

Aðalmenn:	Varamenn:
1. Sigurjón Leifsson	Helgi Bjarnason
2. Rögnvaldur Ólafsson	Ásgeir S. Víglundsson
3. Óttar Ottósson	Alexander Beck

UDN átti rétt á að senda **2** fulltrúa á þingið og **1** var mættur.

Aðalmenn:
1. Jóhann E. Pálmason

UÍA átti rétt á að senda **6** fulltrúa á þingið og **6** voru mættir.

Aðalmenn:
1. Guðjón Magnússon
2. Kristín Embla Guðjónsdóttir
3. Hjörtur Elí Steindórsson
4. Þórður Vilberg Guðmundsson
5. Atli Már Sigmarsson
6. Eva Dögg Jóhannsdóttir

Þingforseti bar upp þessa þingfulltrúa og voru þeir samþykktir einróma.

7. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Ólafur Oddur Sigurðsson bað um orðið. Hann kvaðst vilja kynna sig fyrir nýju fólki. Hann kom víða við og ræddi meðal annars að hann hefði verið formaður Glímusambandsins í tíu ár og aldrei fengið mótframboð en alltaf verið endurkjörinn með lófaklappi. Mikil átök hefðu verið á síðasta glímuþingi og stór orð látin falla. Sagt var að skipið væri sokkið en nú væri staðan góð. Hann þekkti það frá fyrri tíð að GLÍ væri áskrifandi að árvissum tekjum. Hann sagði að 2008 þegar hann varð formaður hefði GLÍ verið rekið á yfirdrætti. Þá hefði hann hætt með launaðan framkvæmdastjóra en starfað sjálfur launalaust sem framkvæmdastjóri næstu árin og innneignir GLÍ á reikningum hefðu hækkað með hverju ári eftir það.

Þá sagði hann að nú í vetur hefði ekkert afreksstarf verið á vegum GLÍ, enginn afreks hópur og engin keppni á erlendum vettvangi. Að aðeins þrjár konur kepptu á síðustu Íslandsglímu og engin kona væri í stjórn GLÍ. Sér væri vel ljóst að backhold og gouren væri ekki glíma en það væru greinar innan Keltneska fangbragðasambandsins þar sem við værum félagar. Að hann sem formaður hefði viljað auka erlend samskipti og samtímis efla glímuna, því þetta helst í hendur. Í bráðabirgðastjórninni hefði verið afreksfólk sem hafði unnið mikla sigra í keltneskum fangbrögðum og það vita þeir einir sem hafa staðið efstir á palli hvað það gefur mikið, en hér inni væru margir sem aldrei hefðu staðið efstir á palli. Bráðabirgðastjórnin vann vel þótt ekki tækist henni að greiða úr fjármálunum á einum mánuði. Ólafur kvaðst hafa ákveðið að vera heiðarlegur hér og segja satt og rétt frá. Þvínæst fór hann að ræða ýmis önnur mál, svo sem að samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs hefði til umfjöllunar mál sem varðar starf GLÍ. Ólafur lauk máli sínu eftir að hafa talað í hálfa klukkustund.

8. Reikningar bornir upp til samþykktar

Hafsteinn Pálsson, þingforseti bar síðan reikninga upp til samþykktar. Voru þeir samþykktir samhljóða.

9. Ávörp gesta

Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, flutti ávarp. Hann sagði síðustu ræðu hafa sett hlutina í allt annað samhengi. Til að halda þræði vildi hann flytja þakki til allra sem hafa starfað fyrir glímuna. Það hefði verið ánægjulegt að vera viðstaddur Íslandsglímuna í vor þar sem menn kepptu um elsta verðlaunagrip Íslandssögunnar. Glíman er þjóðaríþrótt Íslendinga, sagði Willum og hefur verið frá landnámsöld. Við þurfum að styðja hana með ráðum og dáð.

10. Fjárhagsáætlun lögð fram

Sigmundur Stefánsson, lagði fram fjárhagsáætlun. Hann sagðist þekkja það vel ekki síður en Ólafur Oddur að Glímusambandið ætti sína föstu tekjuliði sem breyttust ekki svo mjög milli ára. Stóra breytingin væri sú að núna væri enginn launakostnaður og því væri gert ráð fyrir tekjuafgangi. Hins vegar væri óvíst hvernig uppgjóri við fyrrum framkvæmdastjóra lyki og þar gætu komið meiri útgjöld. Að svo mæltu lagði hann fram prentaða fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun 2026

	Gjöld	Þingskjal 1 Tekjur
Fjárveiting til glímukynninga		1.400.000
Tekjur af Lottó		4.300.000
Ríkisstyrkur til sérsambanda		3.000.000
Íþr. og Ólymp.samb. útbreiðslustyrkur		3.500.000
Aðrar tekjur		100.000
Laun og tengd gjöld	800.000	
Glímukynningar	3.000.000	
Glímumót	1.500.000	
Æfingabúðir	1.000.000	
Skrifstofukostnaður	2.300.000	
Húsaleiga	900.000	
Ársskýrsla og þinghald	800.000	
Bókhald og reikningagerð	500.000	
Tölvu- og tæknimál	200.000	
Erlend samskipti	200.000	
Kaup á skóm og beltum	500.000	
Samtals	11.700.000	12.300.000

Þessu þingskjali var vísað til fjárhagsnefndar.

11. Lagðar fram lagabreytingar

Kjartan Lárusson lagði fram þingskjal um breytingu á lögum GLÍ. **Þingskjal 2**

Stjórn Glímusambands Íslands leggur fram tillögu að breytingu á lögum GLÍ.

2. gr. hljómar svo:

Glímusamband Íslands er samband glímuráða, íþróttahéraða, héraðssambanda og íþróttabandalaga sem og annarra félaga innan ÍSÍ sem iðka og eða keppa í glímu.

Breytingatillagan felst í því að bæta við orðinu „íslenskri“ á undan orðinu „glímu.“

Verði tillagan samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða í samræmi við 27. gr. laga Glímusambands Íslands, mun greinin hljóða svo:

2. gr.

Glímusamband Íslands er samband glímuráða, íþróttahéraða, héraðssambanda og íþróttabandalaga sem og annarra félaga innan ÍSÍ sem iðka og eða keppa í íslenskri glímu.

Greinargerð.

Þessi breytingatillaga er til komin vegna notkunar á orðinu glíma í öðrum íþróttagreinum. Meðal annars í júdó er talað um glímu milli viðfangsmanna og svo eru í notkun orð sett saman við glímu eins og gólfglíma, Cumberlandglíma og fleira. Verið er að áréttu að hlutverk Glímusambands Íslands er, eins og fram kemur í 1. gr. laganna, að GLÍ er æðsti aðili um allt sem viðkemur glímumálum, en hlutverk þess er ekki að hafa umsjón með íþróttagreinum sem ekki eru viðurkenndar íþróttagreinar hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands.

Stjórn Glímusambands Íslands:

Rögnvaldur Ólafsson
Kjartan Lárusson
Sigmundur Stefánsson
Sigurjón Leifsson
Lambi Haraldsson

Þessu þingskjali var vísað til laganefndar.

Þinghlé kl. 15.05. Þingi var fram haldið kl. 15.37.

12. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær

Kjartan Lárusson formaður laganefndar lagði til að þingskjal 2 yrði samþykkt óbreytt. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Atli Már Sigmarsson lagði fram álit fjárhagsnefndar sem fjallaði um fjárhagsáætlun. Atli Már sagði að hún væri nokkuð fyrirsjáanleg sökum fastra tekjuliða. Skýring á skrifstofukostnaði væri að hluta til vegna þess að gert væri ráð fyrir verktakakostnaði við glímukynningar. Nefndin lagði til óbreytta fjárhagsáætlun. Var hún samþykkt samhljóða.

13. Kosningar

Komið var að kosningum og skyldi fyrst kjósa formann.

Kjartan Lárusson stakk upp á Rögnavaldi Ólafssyni. Stefán Geirsson bað um orðið.

Stefán Geirsson kvaðst ekki geta stutt Rögnavald sem formann en kvaðst ekki vera með tillögu sjálfur. Þá komu tillögur úr sal um Stefán og Kjartan Lárusson en þeir sögðust hvorugur gefa kost á sér. Ekki komu fram fleiri tillögur og var Rögnavaldur Ólafsson þá rétt kjörinn formaður.

Þá var lýst eftir tillögum um aðra stjórnarmenn. Fram kom tillaga um óbreytta stjórn, það er að segja: Kjartan Lárusson, Sigmund Stefánsson, Sigurjón Leifsson og Lamba Haraldsson. Ekki komu fram aðrar tillögur og voru þeir sjálfkjörnir.

Stjórnarmenn lögðu fram tillögu um þrjá menn í varastjórn:

Atli Már Sigmarsson, Heiða B. Tómasdóttir og Dagný Sara Viðarsdóttir. Atli Már gaf ekki kost á sér. Stefán Geirsson tilnefndi Sigurð Emilsson og var hann kjörinn í varastjórn ásamt Heiðu og Dagnýju.

Skoðunarmenn reikninga. Stjórn lagði til að þeir sömu og áður gegndu þessum störfum, það er að segja Ásmundur Hálfán Ásmundsson og Kristinn Guðnason og voru þeir kjörnir. Helgi Bjarnason gaf kost á sér sem varamaður og var hann kjörinn.

Þá kom fram tillaga stjórnar um þrjá menn í Aganefnd og þrjá til vara

Aðalmenn:

Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir

Jón B. Valsson

Ingólfur Narfason

Varamenn:

Jón M. Ívarsson

Jóhannes Héðinsson

Magnús Ásmundsson

Voru þau kjörin til starfa í Aganefnd.

14. Önnur mál

Jón M. Ívarsson bað um orðið og fann að því að Ólafur Oddur Sigurðsson hefði yfirgefið þingið strax eftir þinghlé og væri ekki hér til andsvara. Ólafur hefði haldið mikla lofræðu um sjálfan sig sem besta formann allra tíma hjá GLÍ og sitt góða starf fyrir glímuna. En fleiri hefðu starfað vel fyrir glímuna en hann. Jón sagði að allur sinn frítími og meira til í 20 ár hefði farið til glímunnar. Hann hefði verið 15 ár í stjórn GLÍ og formaður í 6 ár. Stjórnað glímumótum, verið glímustjóri eða dómari á þeim flestum, skipulagt ferðir bæði innan- og utanlands, ritað fundargerðir, samið ársskýrslur og tekið þúsundir glímumynda. Hann starfaði lengi sem glímupjálfi og allt var þetta í sjálfboðavinnu launalaust. Hann sagði að sér væri annnt um þessa íþrótt sem hann fórnaði svo miklu fyrir og sæti ekki þegjandi hjá þegar að henni væri vegið.

Jón leiðrétti að bráðabirgðastjórnin starfaði í fjóra mánuði en ekki einn eins og Ólafur sagði. Hann kvaðst ekki telja að Ólafur hefði komið hér fram af sannleiksást og heiðarleika eins og hann hélt sjálfur fram heldur hefði tilgangur hans verið að hafa áhrif á niðurstöðu kosninga á þinginu.

Jón sagðist vona að yngra fólk kæmi til starfa sem vildi hefja glímuna aftur til vegs og virðingar og leggja nokkuð á sig til þess. Hann kvaðst vera tilbúinn að styðja alla til góðra verka innan glímunnar héreftr sem hingað til.

Þórður Vilberg Guðmundsson kvaðst ekki hafa ætlað að tjá sig en gæti ekki orða bundist eftir orð síðasta ræðumanns og sagði það lélegt af honum að fara að setja þessi mál í eitthvert pólitískt samhengi. Hann var ósáttur við endurkjör núverandi formanns.

Guðmundur Stefán Gunnarsson kom upp og var að öllu leyti sammála Þórði.

Eva Dögg Jóhannsdóttir velti fyrir sér hver væri tilgangurinn hjá Ólafi með málflutningi sínum og ganga svo út. Eva Dögg sagðist sjálf hafa verið í stjórn GLÍ 16-17 ára og engan veginn átt þar heima.

Kjartan Lárusson sagði að Ólafur hefði ekki farið með rétt mál þegar hann segðist hafa unnið launalaust sem framkvæmdastjóri GLÍ. Hið rétta væri að hann hefði verið í hálfu starfi og fengið greitt fyrir það. Hann sagðist vona að menn gengju sáttir frá þingi.

Atli Már Sigmarsson vildi bæta við umræðuna. Hér hefði mikið verið talað um heiðarleika og hann þyrfti að vera á báða bóga.

Guðmundur Stefán Gunnarsson sagði að menn væru hér að fást um smáatriði í rekstri sem væru léttvæg hjá öðrum málum.

Atli Már Sigmarsson sagðist ekki geta setið undir því að hlusta á svonalagað. Síðasta stjórn bar ábyrgð á rekstrartapinu, sagði hann.

Helgi Bjarnason kvaðst ætla að ræða glímukynningar. Hann vildi að þeim yrði komið í framhaldsskólana. Hér áður hefðu verið haldin framhaldsskólamót og þaðan komið menn á æfingar hjá félögunum.

Óttar Ottósson sagði að hér hefði Ólafur Oddur haldið mikla lofræðu um sjálfan sig og sitt vinnuframlag en hefði á sama tíma verið á launum hjá sambandinu. Hann hefði verið bæði formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri sem er forkastanlegt og var upphafið að vandamálunum, sagði Óttar.

Guðjón Magnússon kom með þá ábendingu að halda glímubing um leið og glímumót til að spara Austfirðingum ferðakostnað.

Hafsteinn Pálsson gaf nýkjörnum formanni, Rögnvaldi Ólafssyni, orðið til að slíta ársþinginu.

Rögnvaldur Ólafsson minnti menn á að þeir hefðu verið að fjalla um og samþykkja íslenska glímu. Hann sagðist ekki vera á móti utanlandsferðum, þær hefðu hafist á vegum Glímusambandsins þegar hann var formaður þess hér áður. Hann sagði hafa verið talað um þrjár til fjórar konur í Íslandsglímu rétt eins og það væri sök núverandi stjórnar hvað þær væru fáar. Þannig hefur það verið í mörg ár og er ekkert að byrja núna, sagði Rögnvaldur.

Rögnvaldur minntist látins glímumanns, Hjörleifs Pálssonar, sem hefði keppt fyrir fleiri félög en nokkur annar á löngum ferli, fimm alls. Hann hefði verið góður félagi og bað menn að rísa á fætur og minnst hans sem menn gerðu. Rögnvaldur minnti menn á að það væri vinna að viðhalda glímunni. Það þyrfti að tala við fólk og heyra hvað það vildi. Það hefði stjórnin verið að gera. Hann þakkaði öllum sem unnið hefðu að glímumálum og óskaði mönnum góðrar heimferðar. Þingi var slitið kl. 16.50.

Jón M. Ívarsson

Hafsteinn Pálsson